

## 3. gr.

72

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða. En vöxtum af honum skal<sup>31.</sup> júlí verja til þess að greiða kostnað eins sjúkrarúms í Landsspítalanum í Reykjavík árið um kring (365 legudaga á ári) fyrir fátækt fólk, sem ekki er fært að greiða sjúkravistina á spítalanum af eigin fé.

## 4. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa þegar ríkisstjórnin telur hann vera orðinn svo stóran að hann geti fullnægt tilgangi sínum (sbr. 3. gr.), en til þess tíma bætast vextirnir við höfuðstólinn. Einnig leggjast þeir vextir við höfuðstólinn, er umfram kunna að verða árleg gjöld hans, samkvæmt 3. gr.

## 5. gr.

Ráðherra sá, er fer með heilbrigðismálin, veitir styrk úr sjóðnum eftir tillögum yfirstjórnar Landsspítalans.

## 6. gr.

Landlæknir skal fyrst um sinn geyma þennan sjóð og gera árlega reikning hans og birta í Lögbirtingablaðinu, eftir að dómsmálaráðuneytið hefir yfirfarið hann. Skal landlæknir sjá um sjóðinn, unz ríkisstjórnin ákveður að sjóðurinn skuli taka til starfa. En þá skal yfirstjórn Landsspítalans taka við stjórn sjóðsins.

## S A M Þ Y K K T

um

73

12. ágúst

**breyting á samþykkt um ýms atriði, er snerta fuglaveiðar í Vestmannaeyjum, frá 16. júlí 1895.**

Lunda má veiða með háf í heimalandi í sumar frá því 11 vikur eru af sumri þar til fullar 16 vikur eru af sumri.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum hefir gjört samkvæmt lögum nr. 13, 13. apríl 1894, sbr. lög nr. 22, 9. júlí 1909, staðfestist hérmeð til að öðlast þegar gildi.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. ágúst 1929.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Vígfús Einarsson.*